


KISTILL





EFNI

- hjarir
- krossviður
- málaralímband
- trélím
- viður

VERKFÆRI

- bakkasög
- blýantur
- hefill
- reglustika/tommustokkur
- sandpappír
- skrúfjárn
- vinkill
- þvingur





1

VERKLÝSING

- Fáðu viðarlengju úr furu og þunna krossviðsplötu hjá kennara.
- Ákveddu lengd og breidd kistilsins.
- Notaðu tommustokk og mældu þrjá jafn langa búta sem eru tvær hliðar og lokið.
- Notaðu vinkil til að strika beina línu þvert yfir viðinn. Þannig verður hún hornrétt (90°).
- Mældu, merktu jafn langan bít af þunnu krossviðsplötunni sem verður botn.




2

- Festu bakkann við hefilbekk. Nú festir þú viðinn í bakkann og sagar með bakkasöginni eftir línunum sem þú merktir.
- Nú ertu komin með fram- og bak hliðar, lok og botn.

3


- Mældu, merktu og sagaðu fyrir hliðunum á sama hátt og útskýrt var hér fyrir ofan.



4

VERKLÝSING

- Pússaðu hliðarnar sem munu snúa inn í kistlinum með 150 sandpappír
- Límdu nú kistilinn saman með trélími og festu saman með málningarlímbandi.
- Notaðu 2 til 4 þvingur til að festa kassan saman þar til límið hefur þornað.
- Fjöldi þvinga fer eftir stærð kistilsins.




5

- Teiknaðu boga á endan eins og þú vilt hafa hann og festu síðan kistilinn í hefilbekkinn og heflaðu bogann á lokið.



6


- Pússaðu kistilinn mjög vel. Byrjaðu á sandpappír.
- Byrjaðu á grófum pappír númer 150 svo notar þú 240 og að lokum 320.



7

VERKLÝSING

- Nú sagar kennarinn kistilinn þannig að brúnin á lokinu verði u.þ.b 1cm.
- Tiltu nú lokinu á og festu með málningateipi en hafðu saman brotið blað á milli.
- Merktu fyrir hjörum.
- Skrúfaðu hjarirnar fastar.



8

- Ef þú ætlar að skreyta kistilinn með brennipenna þá gerirðu það núna.
- Berðu olíu á kistilinn eða lakk, allt eftir því hvað kennarinn þinn á til.

